

Fundur hverfisráðs Kelduhverfis

Mætt á fundinn:

Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Salbjörg Matthíasdóttir, Jóhannes Guðmundsson og Einar Ingi Einarsson.

Fundur settur kl. 20:00

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Íslandspóstur – Samantektarskýrsla vegna tilraunaverkefnisins og niðurstöður úr þjónustukönnun
2. Sundlaugin í Lundi
3. Umhverfis- og öryggismál á skólalóðinni í Lundi
4. Mögulegur Íbúafundur með Hverfisráði Öxarfjarðar og sveitastjórnarfulltrúum um sundlaugina og skólalóðina

1. Íslandspóstur – Samantektarskýrsla vegna tilraunaverkefnisins og niðurstöður úr þjónustukönnun

Póstmálið var lauslega rætt og farið yfir fundargerð frá hverfisráði Öxarfjarðar þann 23.5.24. Þar sem málið tengist íbúum Kelduhverfis ekki með beinum hætti telur hverfisráð Kelduhverfis það ekki hafa átt að koma til umsagnar þess. Hverfisráðið gefur því ekki umsögn en vill koma á framfæri stuðning við niðurstöðu hverfisráðs Öxarfjarðar.

2. Sundlaugin í Lundi

Á fundi byggðarráðs þann 23. maí 2024 kom eftirfarandi niðurstaða fram varðandi framtíð sundlaugarinnar.

“Byggðarráð tekur undir bókun skipulags- og framkvæmdaráðs að ekki sé forsvaranlegt að ráðast í frekara viðhald að svo stöddu. Ráðið felur sveitarstjóra að fá uppfærða kostnaðaráætlun vegna byggingar á nýrri sundlaug í Lundi. Kostnaðaráætlun þarf að liggja

fyrir þegar ákvörðun er tekin um framtíðaruppbyggingu og viðhald íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu.”

- Hverfisráð fagnar því að þessi vinna sé farin af stað en gerir athugasemd við að ekki hafi verið tímasett hvenær kostnaðaráætlunin á að liggja fyrir. Til að hægt verði að taka ákvörðun um framhaldið þarf kostnaðaráætlunin að vera tilbúin vel fyrir gerð nýrrar fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins. Hverfisráð hvetur því Norðurþing til að hraða vinnu við kostnaðaráætlunina og hún kláruð án frekari tafa.
- Á sameiginlegum fundi hverfisráða Kelduhverfis og Öxarfjarðar sem haldinn var í Skúlagarði 24. apríl s.l. kom fram að þegar árið 2022 hafi verið ljóst að laugin og umhverfi hennar gæti verið hættulegt gestum og skólabörnum. Hverfisráð Kelduhverfis harmar að engar úrbætur hafi verið gerðar síðan þá.
- Rætt var um staðsetningu sundlaugar ef sú ákvörðun yrði tekin að byggja nýja á svæðinu, þ.e. hvort hún ætti að vera við Lund eða á Kópaskeri. Hverfisráð telur eðlilegt að báðir kostir verði skoðaðir en finnst rökrétt að sundlaugin verði staðsett þar sem skólastarfið verður. Ef skólastarf á að vera áfram í Lundi ætti sundlaugin að vera þar líka þar sem hún gegnir mikilvægu hlutverki í starfi Öxarfjarðarskóla. Smá umræða var um fyrir hverja þessi nýja sundlaug væri.

Er hún fyrir ferðafólk, heimamenn, skólasund?

Velt var upp spurningunni hvort raunhæft sé fyrir svona fámennt sveitarfélag að reka þrjár sundlaugar. Bent var á að reksturinn á sundlauginni í Lundi hefur ekki verið á vegum Norðurþings undanfarin ár. Því mætti skoða hvort sveitarfélagið gæti farið í samstarf með fyrirtækjum við rekstur og uppbyggingu nýrrar sundlaugar.

- Rætt var um hvernig skólasundi, haustið 2024, verði háttað þar sem laugin í Lundi verður lokuð.

Hverfisráð vill koma á framfæri þeirri staðreynd að frá Lundi er svipuð vegalengd til Húsavíkur og Raufarhafnar. Á Húsavík er góð sundlaug og menntaðir sundkennarar auk þess sem þar eru íþróttamannvirki og innviðir sem nemendur gætu nýtt samhliða sundkennslu. Því óskar hverfisráð eftir því að skoðaðir verði kostir og gallar beggja kosta áður en ákvörðun verði tekin um hvort aka skuli með nemendum til Raufarhafnar eða Húsavíkur.

3. Umhverfis- og öryggismál á skólalóðinni í Lundi

Þrjú ár eru nú liðin frá því að lögregla og Öxarfjarðarskóli sendu frá sér tilkynningu um að skólalóðin væri hættuleg börnum sökum bílaumferðar. Hverfisráð gagnrýnir aðgerðarleysi þennan tíma og vill úrbætur hið snarasta. Þarna eru bæði leikskóla- og grunnskólabörn að leik og leiksvæði barna og bílastæði eiga ekki heima á sama blettinum.

Gerðar voru athugasemdir við skort á merkingum og ekki talið að mikla fjármuni þurfi til að setja slíkar upp.

Bent var á að skólaliðar hafa litla yfirsýn yfir börnin í frímínútum og auðvelt sé fyrir krakkana að hverfa inn í skóg án þess að nokkur sjái.

Hverfisráð vill koma á framfæri eftirfarandi hugmyndum um mögulegar úrbætur:

- Gerður verði göngustígur að íþróttahúsinu svo börnin þurfi ekki að labba á götunni?
- Nýta má túnblettinn (garðinn) austan við innganginn í húsið sem leiksvæði. Auðvelt væri að gera tröppur frá inngangi beint í austur á túnblettinn og þannig sleppa krakkarnir við að fara í gegnum bílastæðið. Það væri auðveldlega hægt að girða svæðið af og hafa yfirsýn yfir börnin frá inngangi og eru stækkunarmöguleikar í austurátt.
- Bent er á að bílastæðið þarf ekki að vera við húsið þó að vöruflutningar og skólabílar þurfi að komast þar að. Mikilvægast er að halda bílum og börnum aðskildum.

Hverfisráð telur mikilvægt að litið verði heildstætt á svæðið og komið með framtíðarsýn á það. Nauðsynlegt er þó að ráðast í bráðabirgðalagfæringar ÁÐUR en skólinn byrjar í haust. Ekki er flókið að fara í slíkar aðgerðir og klára á stuttum tíma.

Til að mynda er hægt að nota keilur eða álíka til að afmarka leiksvæði og bílastæði.

Þegar farið verður í framtíðarpælingar finnst hverfisráði Kelduhverfis mikilvægt að fulltrúar frá báðum hverfisráðum væru með í umræðunni. Bent er á að formenn beggja ráða eiga börn í skólanum og gætu því jafnframt talist fulltrúar foreldra.

4. Mögulegur íbúafundur með Hverfisráði Öxarfjarðar og sveitastjórnarfulltrúum um sundlaugina og skólalóðina

Hverfisráð hvetur Norðurþing til að halda íbúafund vegna sundlaugarinnar og skólalóðar í Lundi. Þar yrðu lögð fram framtíðarplön fyrir íbúa og vill hverfisráð að sá fundur verði settur á í ágúst. Nauðsynlegt er að þá liggi kostnaðaráætlun fyrir varðandi sundlaugina enda er hún grundvöllur þess að hægt sé að ræða málin hvað hana varðar. Mikilvægt er að þessi íbúafundur eigi sér stað áður en gengið verður frá næstu fjárhagsáætlun Norðurþings.

Fundi slitið 21:04

Undirritunarsíða

Aðalsteinn Örn Snæþórsson

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Salbjörg Matthíasdóttir

Jóhannes Guðmundsson